

42. gr.

231

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100—1000 kr. eftir málavöxtum, er renni í fjallskilasjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, eða í sýslusjóð. 24. des.

43. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

44. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu nr. 107, frá 1. september 1937.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. desember 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

232

um innheimtu skemmtanaskatts árið 1953.

29. des.

Ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 111 29. desember 1952 til þess að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi árið 1953.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum eru undanþegnar álaginu.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. desember 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

GJALDSKRÁ

233

fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum.

30. des.

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

A. Persónugjald:

Fyrir hvern verkamann eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 6.00.

233 Skal tala verkafólks miðuð við það, sem hún er þegar fyrirtæki er í fullum 30. des. gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrekstur frystihúsa eða síldarverksmiðju.

B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting:

1. flokkur. Gjald kr. 30.00.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2 kg/cm² þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m² hitaflöt. Opnir eimhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m³ rúmtaki. Þrýstiloftshylki með allt að 2 m³ rúmtaki.

2. flokkur. Gjald kr. 75.00.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kg/cm² og eru með hitaflæti frá 2 m² til 30 m². Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m³. Eimhitaðir suðukatlar og þurrkarar. Þó suðuketill eða þurrkari sé með hræribúnaði eða öðrum hreyfibúnaði reiknast aðeins gjald vegna aflvélar, en ekki vegna vélbúnaðar. Reykhitaðir forkatlar og yfirhitunarkerfi. Þrýstiloftshylki með meira en 2 m³ rúmtaki.

3. flokkur. Gjald kr. 150.00.

Eimkatlar með meira en 30 m² hitaflæti.

C. Aflvélar:

Af hverju hestafli aflvélar greiðist kr. 1.00. Fyrir varaafvlél greiðist kr. 0.25 af hestafli. Fyrir hvern rafmótor, sem notaður er til aflyfirfærslu frá eigin rafstöð fyrirtækis greiðist kr. 2.00.

D. Vinnuvélar:

1. flokkur. Gjald kr. 2.50.

Dælur, sem nota allt að 5 hö, ádráttarsteinar, brjóstsykurgerðarvélar, gosdrykkjagerðarvélar, bókbandsvélar, fægivélar skósmíða, saumavélar, mjólkurstöðvarvélar, brauðgerðarvélar, skógerðarvélar, hnappagatavélar, prjónavélar, sníðavélar.

2. flokkur. Gjald kr. 5.00.

Dælur, sem nota frá 5 til 10 hö, hræritæki í kerjum, málmsmíðavélar, loftblásarar, plastiðnaðarvélar, gúmiðnaðarvélar, reyklásarar, leðurgerðarvélar, þrýstiloftspjöppur, sem nota allt að 5 hö.

3. flokkur. Gjald kr. 10.00.

Prentvélar, oliuburðarvélar, dúkafægivélar, vökvaprýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, skrúfupressur, niðursuðuvélar, sápuðgerðarvélar, súkkulaði elti- vélar, málningargerðarvélar, fataþvottavélar, gærurotunarvélar, sútunarvélar, flöskuafyllingarvélar, síldar- og fiskimjölsvélar, síldarolíuvélar, ullarvinnslu- vélar, steinsmíðavélar, dósa- og flöskupvottavélar, grjótmulningsvélar, flóka- gerðarvélar, tuskutætarar, dælur sem nota meira en 10 hö, þrýstiloftspjöppur, sem nota 5 til 10 hö, hampvinnsluvélar, pappagerðarvélar.

4. flokkur. Gjald kr. 25.00.

Skipadráttarvindur, einfaldir sveifflugálgar (fastir), einfaldar lyftivindur, þrýstiloftspjöppur, sem nota meira en 10 hö, gasframleiðslutæki, fallhamrar, steypuhrærivélar.

5. flokkur. Gjald kr. 50.00.

Farstólar í vörugálgum (krönum), farandkranar (gjaldið reiknast auk afl- vélargjalds), lyftitæki í vörugeymslum, lyftivagnar, bifreiðalyftur (loftþjöppu- og aflvélargjald innifalið).

6. flokkur. Gjald kr. 75.00.

Skipadráttarvagnar, kolakraninn í Reykjavík og aðrir svipaðir vörukranar (gjaldið reiknast auk aflvélagjalds og farstólagjalds). Fólkslyftur og aðrar sjálfvirkar lyftur með fallhemlum.

233

30. des.

7. flokkur. Gjald kr. 100.00.

Jarðýtur, vélskóflur, ámokstursvélar og aðrar svipaðar vélar, fallhamrar (aflvélagjald innifalið).

E. Frystivélar:

1. flokkur. Gjald kr. 10.00.

Frystivélar með allt að 10 000 kg/cal. afköstum.

2. flokkur. Gjald kr. 25.00.

Frystivélar með 10 000 til 20 000 kg/cal. afköstum.

3. flokkur. Gjald kr. 50.00.

Frystivélar með 20 000 til 50 000 kg/cal. afköstum.

4. flokkur. Gjald kr. 100.00.

Frystivélar með yfir 50 000 kg/cal. afköstum.

F. Verkpallar:

Ef verkpallar eru við hús, sem eru í smíðum, greiðist kr. 0.10 af hverjum teningsmetra hússins. Ef hús er aðeins einnar hæðar íbúðarhús, eða ef vegg hæð húss undir þakskegg er ekki yfir 3,5 m, greiðist ekki gjald vegna verkpalla.

Ef verkpallar eru notaðir við endurbætur, lagfæringar eða málun húsa eða skipa, eða við hleðslu á vörum, greiðist kr. 0.25 fyrir hvern hlaupandi lengdar-metra verkpalls. Þó skal ekki greiða gjald af verkpöllum, sem eru í minna en tveggja metra hæð frá jörð.

Fyrir færanlega verkpalla, sem hanga í strengjum eða eru færanlegir upp og niður á einni eða tveim stöðum, greiðist kr. 25.00.

G. Losun og lestun skipa:

Ef skip, sem flytur vörur, er yfir 100 smálestir að stærð, greiðist kr. 0.05 fyrir hverja smálest, sem losuð er úr því eða lestuð í það.

Af losun og lestun vöruflutningaskips, sem er minna en 100 smálestir að stærð og af losun og lestun fiskiskips greiðist ekki gjald.

H. Húsakynni án véla:

Fyrir íbúðarskála verkafólks greiðist kr. 0.50 af hverjum fermetra gólfplat.

Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem saumastofur, þvottahús, netagerðarstofur, seglasaumastofur, vinnustofur í frystihúsum, sláturhús o. s. frv., greiðist kr. 0.20 fyrir hvern fermetra gólfplat. Fyrir viðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, greiðist kr. 0.10 fyrir hvern fermetra gólfplat.

2. gr.

Fyrir vinnuvélar, sem ekki eru nefndar í gjaldskránni, greiðist hlutfallslega eftir því hve stór og margbrotin vélin er, frá kr. 5.00 til kr. 100.00.

Þó skoðun fari fram oftast en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni.

3. gr.

Þegar teikningar af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist

233 ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður að ósk eiganda að takast ferð á 30. des. hendur vegna slíkrar umsagnar, skal eigandi greiða ferðakostnaðinn.

4. gr.

Fyrirtæki þar sem fimm verkamenn eða færri vinna, eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö, skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlit sé miður nauðsynlegt.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 34 12. marz 1941, fyrir eftirlit með verk-smiðjum og vélum.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

234

30. des.

AUGLÝSING

um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki (II) við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sbr. auglýsingu nr. 153 8. ágúst 1951, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

235

30. des.

AUGLÝSING

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 91 15. des. 1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1953 skuli fella niður verðtoll af:

- Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.